

Aðalfundur Góðvina Háskólans á Akureyri

1. júlí 2013 í stofu N201, Sólborg kl. 15.30-16.10

Fundargerð

Dagmar Ýr Stefánsdóttir fundarstjóri setti fundinn kl. 15.30, bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá fundarins. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf auk breytinga á samþykktum Góðvina.

1. Skýrsla stjórnar

Fyrst á dagskrá var skýrsla stjórnar en það var Eva Björk Heiðarsdóttir formaður Góðvina sem flutti hana. Eva fór yfir starfsemi Góðvina á árinu 2012 og helstu viðburði sem samtökin tóku þátt í, en það voru að venju veitt heiðursverðlaun við brautskráningu auk þess sem samtökin tóku þátt í móttöku að brautskráningu lokinni. Í tilefni 25 ára afmælis Háskólans á Akureyri gáfu Góðvinir skólanum nýjar brautskráningarskikkjur fyrir rektor og forseta fræðasviða.

Umræða varð um hversu fáir greiða orðið árgjald og ræddar leiðir til að fjölga meðlimum. Ákveðið var að senda greiðsluseðla á starfsfólk háskólans en það hefur ekki verið gert síðan samtökin voru stofnuð. Fréttabréf Góðvina er í vinnslu og fyrir liggur að senda það út á allra næstu dögum. Stefnt á að senda út fréttabréfið áður en greiðsluseðlar verða sendir út á skráða meðlimi, starfsfólk HA, alla þá sem brautskrást hafa sl. 4 ár og stærstu afmælisárgangana.

2. Reikningar samtakanna

Agnes Eyfjörð gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við reikningana.

3. Kosning stjórnar

Fundarstjóri kynnti tillögu að nýrri stjórn 2013 og varastjórn. Lagt til að formaður yrði Eva Björk Heiðarsdóttir, í stjórn sætu Eyrún Elva Marinósdóttir, Njáll Trausti Friðbertsson, Agnes Eyfjörð (fulltrúi HA) og Hafdís Erna Ásbjarnardóttir (fulltrúi FSHA) og varastjórn Sveinn Arnarsson, Kristín Baldvinsdóttir, Valur Ásmundsson, Óskar Þór Vilhjálmsson (varafulltrúi HA) og Leifur Guðni Grétarsson (varafulltrúi FSHA).

Fundurinn samþykkti tillögurnar með handauppréttingu.

4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Samþykkt var að skoðunarmenn reikninga væru áfram þau Auður Jónasdóttir og Ólafur Búi Gunnlaugsson.

5. Kosning fulltrúaráðs

Fundarstjóri lagði fram tillögu þess efnis að leggja niður fulltrúaráðið sem skv. 8. gr. samþykktu fyrir Góðvini skal skipað til tveggja ára í senn. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Lagabreytingar

Í samræmi við áður samþykktu tillögu um að leggja niður fulltrúaráðið var samþykkt að fella út lið e í 4. gr. og fella út 8. gr. samþykktanna. Greinarnar á eftir 7. gr. verða endurnúmeraðar.

7. Ákvörðun árgjalds

Ákveðið var að lækka árgjaldið úr kr. 2500 í kr. 2000.

8. Önnur mál

Í ljósi þess að fækkað hefur töluvert í samtökunum þarf að taka það til skoðunar á næsta ári hvort halda beri starfseminni áfram. Hugsanlega gefst tækifæri til að vekja athygli á samtökunum í þeim

umræðum sem eru um sameiningar háskóla á Íslandi og ákveðið var að koma lífi í Facebook-síðu samtakanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.10.

Fundargerð ritaði Ingveldur Tryggvadóttir.